



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 2. mars 2026

SFS26020043

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leikskóla og grunnskóla sem verða lokaðir vegna viðhaldsframkvæmda

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. febrúar 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir að lagður verði fram listi hið fyrsta um hvaða leikskólar og grunnskólar verði lokaðir á næstunni vegna viðhaldsframkvæmda og hversu lengi er gert ráð fyrir lokun þeirra. Einnig verði gerð grein fyrir því hvaða ráðstafanir verði gerðar fyrir börnin í þeim leikskólum sem loka.

Svar:

Hér eru veittar upplýsingar um stöðu mála er varða viðhaldsframkvæmdir leik- og grunnskóla:

Grunnskólar

Hagaskóli

Endurnýjun bygginga eru í hönnun og gert er ráð fyrir að farið verði í útboð fljótlega. Skólinn er staðsettur í færanlegum einingum á lóð Hagaskóla.

Hólabrekkuskóli

Um áramót 2025/2026 fór skólinn úr Korpuskóla yfir í færanlegar einingar á lóð Hólabrekkuskóla. Í dag eru 3. og 4. áfangi skólans í endurnýjun og gert ráð fyrir að þeir verði tilbúnir haust og vetur 2026. Í framhaldinu verður farið í endurnýjun á áföngum 1 og 2.

Langholtsskóli – íþróttahús lokað

Þarfagreining er komin vel á veg fyrir Langholtsskóla en verið er að skoða hvort hægt sé að koma fyrir frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk innan skólans. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir í Langholtsskóla verði í áföngum til þess að nýta pláss í Skólaþorpinu til fulls. Verið er að skoða valkosti varðandi íþróttahús Langholtsskóla, sem hefur verið lokað síðan vorið 2025 vegna myglu. Valkostirnir eru að íþróttasalurinn verði endurgerður í sömu mynd eða stækkaður þannig að hann uppfylli nútímakröfur.

Laugarnesskóli - Skólaþorp

Áætlað er að fyrsti hluti skólaþorpsins sem er á bílastæði KSÍ verði tekinn í notkun í apríl 2026 og annar hluti sumarið 2026. Enn verða notaðar færanlegar stofur á lóð Laugarnesskóla meðan á framkvæmdum stendur.

Efla verkfræðistofa var fengin til þess að framkvæma burðarþolsgreiningu á Laugarnesskóla og er sú vinna í gangi núna. Þarfagreining er á lokametrinum og næsta



Reykjavík



skref verður hönnun á breytingum skólans. Áætlað er að fara í minniháttar framkvæmdir á frístundaheimili Laugarsels á lóð Laugarnesskóla til þess að starfið geti haldið áfram á sínum stað á meðan skólaþorpið er notað af skólanum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við skólann muni taka um 2,5 ár. Mótvægisáðgerðir voru framkvæmdar á mörgum stofum í aðalbyggingu og nokkrum í viðbyggingu sumarið 2025.

Rimaskóli

Loka þarf annarri álmu skólans í haust vegna endurnýjunar á loftræstikerfi, loftum, dúkum o.fl. Framkvæmdir byrja í sumar og gert er ráð fyrir að þeim ljúki fyrir áramót 2026/2027. Búið er að útbúa aukarými fyrir kennslu í anddyri, hluta af matsal og hluta af bókasafni og skipuleggja samnýtingu rýma frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar og fleira svo starfið þurfi ekki að flytja annað meðan á framkvæmdum stendur.

Ölduselsskóli

Upp kom innivistarvandamál haustið 2025 og þurfti að flytja hluta skólastarfsins í Seljakirkju á meðan framkvæmdir standa yfir. Gert er ráð fyrir að hægt verði að flytja í færanlegar einingar sem verið er að koma niður á lóð Ölduselsskóla í apríl 2026. Enn er unnið að þarfragreiningu fyrir áframhaldandi viðgerðir á húsinu.

Leikskólar

Árborg

Leikskólinn er með starfsemi í Selásskóla á meðan endurgerð leikskólahúsnæðisins fer fram. Gert er ráð fyrir að leikskólinn flytji í nýuppsett húsnæði haustið 2026.

Borg – Arnarborg

Í ástandsskoðun vegna innivistarvandamála kom í ljós að rakavarnarlag á þaki er víða rífið og glerullaragnir eiga greiða leið inn í hús. Ákveðið hefur verið að flytja leikskólann í húsnæði í Ármúla 28-30 á meðan á framkvæmdum stendur.

Brákarborg

Framkvæmdir hafa tafist. Leikskólinn er í dag staðsettur í gömlu Brákarborg við Brákarsund 1 en áætlað er að starfsemin flytji í nýju Brákarborg í apríl 2026.

Hagaborg

Innivistarvandi er í húsnæði Hagaborgar og hefur leikskólinn verið á þremur stöðum síðustu misseri. Í lok febrúar var leikskólinn fluttur í nýuppsett húsnæði Grandaborgar. Verið er að klára hönnun á húsnæði Hagaborgar og verður í kjölfarið farið í útboð.

Hálsaskógur

Leikskólinn er í tveimur húsum. Annað húsið, Borg, er tilbúið eftir endurgerð og var leikskólinn að flytja starfsemi úr hinu húsinu, Koti, yfir í Borg. Verið er að skoða ástand á Koti og viðhald vegna innivistar en óljóst er hvenær þeirri vinnu lýkur.

Hlíð – Sóhlíð

Endurgerð Sóhlíðar stendur yfir og gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki á þriðja eða fjórða ársfjórðungi 2027. Leikskólinn er bara með starfsemi í öðru húsi leikskólans og var barnafjöldi í leikskólanum fækkað tímabundið á meðan á framkvæmdum stendur.

Kvistaborg – Eyland

Leikskólinn er með starfsemi í færanlegum stofum við Fossvogsskóla á meðan endurgerð á leikskólanum fer fram.



Reykjavík



Laugasól

Starfsemin er í Lækjarborg eins og er, þar eru 40 börn. Til stendur að færa starfsemina úr húsi og skýrist það á næstunni hvert starfsemi leikskólans fer. Áætlun gerir ráð fyrir niðurrifi á báðum húsum Laugasólar og að á lóð komi nýr 10 deilda leikskóli.

Miðborg - Barónsborg

Húsnæði Barónsborgar, sem er hluti af leikskólanum Miðborg, er lokað. Á síðasta ári var það notað sem bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskóla í framkvæmdum. Innivistarvandi kom upp í húsinu og hefur það staðið autt og verið gerð ástandsskoðun. Húsnæðið er gamalt og rúmar eingöngu um 30 leikskólabörn. Verið er að leggja lokahönd á ástandsskýrslu en útlit er fyrir að viðhald verði verulega kostnaðarsamt og því ekki vitað hvenær húsnæðið fer aftur í notkun.

Múlaborg

Leikskólinn er starfræktur í tveimur húsum, Ármúla 6 og Ármúla 8a. Verið er að stækka leikskólann og bæta við hæðum í Ármúla 6. Gert er ráð fyrir að hægt verði að taka þann hluta í notkun vorið 2026. Gert er ráð fyrir að flytja starfsemi hússins við Ármúla 8a yfir í Ármúla 6 og framkvæma nauðsynlegt viðhald á Ármúla 8a.

Sunnuás

Á áætlun er að rífa húsnæði Sunnuáss og byggja nýtt á lóðinni. Leikskólinn er í einingahúsnæði á bílastæði leikskólans. Gert er ráð fyrir að húsnæði leikskólans verði tilbúið 2030/2031.

Sæborg

Fyrirhugað er að stækka leikskólann með viðbyggingu, fjarlægja litla kubbinn á núverandi húsnæði og aðlaga stóra kubb að viðbyggingu og endurgera fyrir starfsemi yngri barna. Áætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Á framkvæmdatíma verður plássuð fækkað þar sem framkvæmdin er áfangaskipt. Gert er ráð fyrir að húsnæði leikskólans verði tilbúið 2028/2029.

Vinagerði

Starfsemin var flutt í Safamýri 5 þar sem innivist í húsnæði Vinagerðis við Langagerði var ekki góð. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um húsnæði Vinagerðis, hvort það verði rífið eða endurgert, og því liggur tímaáætlun ekki fyrir. Ákveðið hefur verið að loka leikskólanum Vinagerði frá 15. september 2026.

Ægisborg

Starfsemin flytur í lok febrúar 2026 í stakstæð hús á lóð við Ægisborg og í Drekaland á lóð Hagaborgar á meðan viðhald á útvegg fer fram. Gert er ráð fyrir að leikskólinn flytji að nýju í húsnæði Ægisborgar haustið 2026.

